

Gæðakröfur til hrámmjólkur frá mjólkurframleiðendum

GÆÐAKRÖFUR VORU ÓBREYTTAR FRAM TIL 30. JÚNÍ 2006.

Þann 1. júlí tók hins vegar gildi reglugerð nr. 528/2006 um breytingu á reglugerð um mjólk og mjólkurvörur, nr. 919/2002. Virkni bráðabirgðaákvæðis í frumreglugerðinni var felld inn í reglugerðina auk þess sem framleiðendur sem standast ekki lágmarkskröfur um gerlatölu og frumutölu fá allt að þrjá mánuði til að takast á við vandann áður en til sölubanns kemur. Þetta er í samræmi við gildandi Evrópugerðir.

Um leið og breytingar á mjólkurreglugerðinni tóku gildi, tóku einnig gildi breyttar Reglur nr. 503/2006 um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa. Þar var um að ræða hert mörk fyrir 3. flokk í frumutölu, aukin verðfelling vegna frumutölu, breytt viðmiðun vegna verðfellinga í öllum tilfellum og skerpingu á verðfellingarþætti vegna lyfjaleifa.

BREYTING Á MJÓLKURREGLUGERÐ 1. JÚLÍ 2006.

Sjá breytinguna í heild hér aftar í skýrslunni, Reglugerð nr. 528/2006. Eftirfarandi breytingar urðu vegna lágmarkskrafna:

1. Viðmiðunartímabil margfeldismeðaltals (nú kallað faldmeðaltal*) vegna lágmarkskrafna breyttist úr því að vera annars vegar 8 vikur vegna líftölu og hins vegar 12 vikur vegna frumutölu í að vera 2 mánuðir vegna líftölu og 3 mánuðir vegna frumutölu. Þannig er nú nýtt faldmeðaltal reiknað mánaðarlega í stað vikulega áður.
2. Ef faldmeðaltal sem reiknað er út skv. 1. lið hér að ofan fer upp fyrir mörk lágmarkskrafna þá fær viðkomandi framleiðandi senda tilkynningu frá mjólkurstöð um það og að hann hafi frest í þrjá mánuði frá dagsetningu tilkynningarinnar til að komast undir lágmarkskröfurnar aftur, ella verði honum óheimilt að leggja inn mjólkina í mjólkurstöð. Ef lágmarkskröfum er enn ekki náð að þeim tíma liðnum getur framleiðandi sótt um tímabundna undanþágu til héraðsdýralæknis til að leggja inn mjólk til mjólkurstöðvar. Ef héraðsdýralæknir veitir viðkomandi framleiðanda undanþágu, er framleiðanda heimilt að leggja inn mjólkina tímabundið á meðan síðasta reglubundna mæling er undir mörkum. Tímabundin undanþága eftir þessari reglu getur þó aldrei varað í meira en 60 daga í senn.

***Faldmeðaltal**

Faldmeðaltal er annað orð yfir margfeldismeðaltal sem er n rótin af margfeldi niðurstaðanna þar sem n er fjöldi niðurstaða í margfeldinu. Faldmeðaltal fjögurra mælinga, 200, 300, 200, 150 reiknast eftirfarandi:

$$\sqrt[4]{200 \times 300 \times 200 \times 150} = 206$$

BREYTINGAR Á REGLUM UM FLOKKUN MJÓLKUR OG VERÐFELLINGAR VEGNA LÍFTÖLU, FRUMUTÖLU OG LYFJALEIFA.

Sjá "Reglur nr. 503/2006 um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa" hér aftar í skýrslunni. Eftirfarandi breytingar voru gerðar á reglum um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa:

1. **Breytt viðmiðun vegna verðfellinga í öllum tilfellum.** Áður var miðað við skráð lágmarksverð (afurðstöðvaverð+beingreiðsla) á hverjum tíma en nú er miðað við gildandi afurðstöðverð á hverjum tíma. Þannig hækkuðu allar prósentutölur í samræmi við lækkingu á viðmiðun en þó voru

þær afrúnaðar til næstu heilu prósentutölu sem í flestum tilfellum leiddi til lækkunar krónutölu á lítra en í einstaka tilfellum til smávægilegrar hækkunar.

2. **Líftala.** Engar raunbreytingar voru gerðar á kröfum vegna líftölu. Prósentutölur verðfellinga voru hækkaðar upp til samræmis við lækkun á viðmiðun sbr. 1. lið hér fyrir ofan en verðfellingin í krónum talið breytist lítið.
3. **Frumutala.** Mörk voru hert vegna 3. flokks úr 600 þús í 500 þús. Áfram er reiknað margfeldismeðaltal mánaðar vegna verðfellinga. Nú er verðfellt strax eftir fyrsta mánuð sem reiknast yfir mörkum 1. fl. og þá um 5% af afurðastöðvaverði vegna 2. fl. og 18% af afurðastöðvaverði vegna 3. fl. Ef mjólk flokkast í 3. flokk þrjá mánuði í röð þá verðfellið mjólkurmagn síðasta mánaðar um 36% af afurðastöðvaverði. Ef mjólk flokkast í 3. flokk í 4 mánuði í röð eða fleiri þá verðfellið mjólkurmagn síðasta mánaðar um 54% af afurðastöðvaverði.
4. **Lyfjaleifar.** Prósentutala verðfellinga var hækkuð til samræmis við lækkun á viðmiðun sbr. 1. lið hér að ofan. Reglur voru skýrðar hér á þann veg að ekki fer á milli mála að innlegg mánaðar verðfellið um 15% fyrir hvert tilfelli sem lyfjaleifar mælast í mjólk frá framleiðanda sem send er mjólkurstöð.

SAMANTEKT Á FLOKKUNARMÖRKUM, VERÐFELLINGUM OG A-GREIÐSLUM VEGNA HRÁMJÓLKUR FRÁ 1. JÚLÍ 2006.

Eftirfarandi samantekt er byggð á reglugerð nr. 919/2002 um mjólk og mjólkurrörur, reglugerð nr. 528/2006 um breytingu á reglugerð um mjólk og mjólkurrörur sem gildir frá 1. júlí 2006, reglum verðlagsnefndar búvara nr. 503/2006 um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa sem gilda frá 1. júlí 2006 og samþykkt Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði um greiðslur og flokkun í 1. flokk A fyrir árið 2006.

LÍFTALA ÖRVERA Mæling á líftölu örvera er framkvæmd í hverri viku. Niðurstöður mælinganna eru meðhöndlaðar á tvennan hátt. Annars vegar er reiknað faldmeðaltal (áður kallað margfeldismeðaltal) reglubundinna mælinga síðustu 2ja mánaða skv. mjólkurreglugerð, þannig að nýtt faldmeðaltal reiknast mánaðarlega. Hins vegar er mjólkinn flokkuð mánaðarlega miðað við mæliniðurstöður hvernar viku, skv. reglum verðlagsnefndar búvara.

Sölubann vegna líftölu

Ef faldmeðaltal 2ja mánaða fer yfir 600 þús. ein./ml sendir mjólkurstöð mjólkurframleiðanda tilkynningu um það. Hann fær frest í þrjá mánuði til að ná faldmeðaltalinu undir mörk aftur ella hættir mjólkurstöð að taka á móti mjólk frá viðkomandi framleiðanda uns faldmeðaltalið er aftur komið undir 600 þús. Takist framleiðanda ekki að ná faldmeðaltalinu niður fyrir 600 þús á 3 mánuðum getur hann þó sótt um tímabundna undanþágu til héraðsdýralæknis. Ef framleiðandi fær undanþágu, þá má hann selja mjólk til mjólkurstöðvar tímabundið svo fremi sem síðasta reglubundna mæling sé alltaf undir 600 þús. Slík undanþága getur þó aldrei varað lengur en 60 daga í senn.

Verðfelling vegna líftölu

Allar verðfellingar reiknast af afurðastöðvaverði. Fyrir hvert sýni sem flokkast í 2. flokk er mjólkurmagn mánaðarins verðfellt um 4%, fyrir hvert sýni sem fer í 3. flokk er verðfellt um 9% og fyrir hvert sýni sem fer í 4. flokk er verðfellt um 15%. Flokkamörk eru eftirfarandi:

1. flokkur < 400.000 einingar/ml.
2. flokkur > 400.000 og < 600.000 ein./ml.
3. flokkur > 600.000 og < 3.000.000 ein./ml

4. flokkur > 3.000.000 einingar/ml.

FRUMUTALA Mæling á frumutölu er framkvæmd í hverri viku. Mæliniðurstöðurnar eru meðhöndlaðar á tvennan hátt. Annars vegar er reiknað faldmeðaltal reglubundinna mælinga síðustu 3ja mánaða skv. mjólkurreglugerð, þannig að nýtt faldmeðaltal reiknast mánaðarlega. Hins vegar er mjólkinn flokkuð mánaðarlega miðað við faldmeðaltal mælinga mánaðarins.

Sölubann vegna frumutölu

Ef 3ja mánaða faldmeðaltal fer yfir 400 þús. frumur/ml sendir mjólkurstöð mjólkurframleiðanda tilkynningu um það. Hann fær frest í þrjá mánuði til að ná faldmeðaltalinu undir mörk aftur ella hættir mjólkurstöð að taka á móti mjólk frá viðkomandi framleiðanda uns faldmeðaltalið er aftur komið undir 400 þús. Takist framleiðanda ekki að ná faldmeðaltalinu niður fyrir 400 þús á 3 mánuðum getur hann þó sótt um tímabundna undanþágu til héraðsdýralæknis. Ef framleiðandi fær undanþágu þá má hann selja mjólk til mjólkurstöðvar tímabundið svo fremi sem síðasta reglubundna mæling sé alltaf undir 400 þús. Slík undanþága getur þó aldrei varað lengur en 60 daga í senn.

Verðfelling vegna frumutölu

Allar verðfellingar reiknast af afurðastöðvaverði. Verðfelling miðast við faldmeðaltal mánaðar og nú er verðfellt strax eftir fyrsta mánuð sem reiknast yfir mörkum 1. fl. Þá er verðfellt um 5% vegna 2. fl. og 18% vegna 3. fl. Ef mjólk flokkast í 3. fl. þrjá mánuði í röð þá verðfellist mjólkurmagn síðasta mánaðar um 36%. Ef mjólk flokkast í 3. fl. í fjóra mánuði í röð eða fleiri þá verðfellist mjólkurmagn síðasta mánaðar um 54%. Athygli er vakin á því að flokkamörk vegna 3. fl. hafa verið lækkuð niður í 500. Flokkamörk eru eftirfarandi:

1. flokkur < 400.000 frumur/ml.
2. flokkur > 400.000 og < 500.000 frumur/ml.
3. flokkur > 500.000 frumur/ml.



LYFJALEIFAR Öll mjólk er rannsökuð með tilliti til efna- og lyfjaleifa (sýklalyf, sýklaeyðandi og sýklaheftandi efni). Að minnsta kosti einu sinni í mánuði eru sýni frá hverjum framleiðanda rannsökuð með tilliti til efna- og lyfjaleifa.

Mjólk má ekki innihalda lyfjaleifar í meira magni en sem segir til um í reglugerð nr. 653/2001 um hámark dýralyfjaleifa í sláturfurðum, eggjum og mjólk, með síðari breytingum.

Ef framangreind efni finnast í mjólk sem send hefur verið mjólkurstöð er mjólkurframleiðanda og viðkomandi héraðsdýralækni tilkynnt það þegar í stað af mjólkurstöð. Slíkri mjólk er fargað í samráði við eftirlitsaðila, hún er ekki skráð inn í mjólkurstöð og mjólkurmagn mánaðarins er verðfellt sem nemur 15% af afurðastöðvaverði mjólkur fyrir hverja sendingu með lyfjaleifum í mánuðinum. Mjólkurstöð tekur ekki á móti mjólk frá viðkomandi framleiðanda fyrr en hann hefur sýnt fram á að hún innihaldi ekki framangreindar leifar.

VIÐMIÐANIR SEM NOTAÐAR ERU TIL AÐSTOÐAR VIÐ EFTIRLIT MEÐ MJÓLKURGÆÐUM EN EKKI TIL VERÐFELLINGAR.

Hitapólin líftala

Mörk fyrir 1. flokk eru upp að 5.000.

Kuldapólin líftala

Mörk fyrir 1. flokk eru upp að 25.000.

Dvalargró loftfælinna baktería

Ef enginn vöxtur kemur eftir 72 klst. telst mjólkinn fyrsta flokks.

Skynmat

Ef ekkert sýni hefur lyktar- eða bragðgalla telst mjólkinn fyrsta flokks.

1. FLOKKUR A Framleiðandi fær greitt aukalega 1,00 kr/lítra innlagðrar mjólkur í mánuðinum ef hún stenst allar kröfur um 1. flokk auk þess sem faldmeðaltal frumutölu í mánuðinum er 220 þús. frumur/ml eða lægra og líftala örvera með Bactoscan aðferð hefur ekki farið upp fyrir 40.000 ein./ml .

SAMANTEKT.

Flokkunarmörk, verðfellingar og A-greiðslur vegna hrá mjólkur eru skv. eftirfarandi töflu frá 1. júlí 2006:

Gæðapáttur	Rannsóknartíðni	Flokkar	Mörk	Umbun í kr/lítra og skerðing í % af afurðastöðvaverði	Kr/lítra, 1. júl 06
Frumutala 1000 frumur/ml	1 sinni í viku, reiknað af faldmeðaltali mánaðar ¹	1A 1 2 3	- 220 221 - 400 401 - 500 501 -	+ 1,0 kr/ltr ² 0 -5% -18% ³	+ 1,00 ² 0,00 -2,27 -8,18
Líftala, Bactocan 1000 einingar/ml	1 sinni í viku, einstök mæling gildir ⁴	1A 1 2 3 4	- 40 41 - 400 401 - 600 601 - 3000 3001 -	+ 1,0 kr/ltr ² 0 -4% -9% -15%	+ 1,00 ² 0,00 -1,82 -4,09 -6,82
Lyfjaleifar ⁵	A.m.k. 1 sinni í mánuði	1A 1 2	Verður að standast kröfur um 1. fl. Engar mælanlegar leyfar Mælanlegar leyfar	+ 1,0 kr/ltr ² 0 -15%	+ 1,00 ² 0,00 -6,82
Hitapólin líftala ⁶ 1000, einingar/ml	Eftir þörfum	1A 1 2 3	Verður að standast kröfur um 1. fl. - 5 6 - 25 26 -	+ 1,0 kr/ltr ² 0 0 0	+ 1,00 ² 0 0 0
Kuldapólin líftala ⁶ 1000 einingar/ml	Eftir þörfum	1A 1 2 3	Verður að standast kröfur um 1. fl. - 25 26 - 100 101 -	+ 1,0 kr/ltr ² 0 0 0	+ 1,00 ² 0 0 0
Líftala loftfælinna dvalargróa ⁶	Eftir þörfum	1A 1 2 3	Verður að standast kröfur um 1. fl. Enginn vöxtur Vöxtur eftir 48-72 klst Vöxtur á fyrstu 48 klst	+ 1,0 kr/ltr ² 0 0 0	+ 1,00 ² 0 0 0
Lykt og bragð ⁶	Eftir þörfum	1A 1 2 3	Verður að standast kröfur um 1. fl. Engin prufa með lyktar-/bragðgalla Greinilegur lyktar-/bragðgalli Áberandi lyktar-/bragðgalli	+ 1,0 kr/ltr ² 0 0 0	+ 1,00 ² 0 0 0

¹ Reiknað er þriggja mánaða meðaltal vegna lágmarkskrafna en mánaðarmeðaltal vegna flokkunar.

² Innvigtuð mjólk mánaðarins er A mjólk svo fremi að hún standist allar kröfur um 1A.

³ 18% (m.v. afurðast.verð) að jafnaði en ef flokkun verður þrjá mánuði í röð í 3. flokk þá verður verðskerðing fyrir þriðja mánuðinn 36% og ef flokkun verður fjóra mánuði í röð eða oftari í 3. flokk þá verðskerðist fjórði mánuðurinn og þeir mánuðir sem þar koma á eftir í þriðja flokki um 54%.

⁴ Einstök mæling gildir og verðfelling er miðuð við innlegg mánaðarins. Ef t.d. 4 mælingar falla í 2. fl. þá leggjast verðfellingarnar saman og verða 4%+4%+4%+4%=16% m.v. afurðast.verð. Mjólkurstöð tekur ekki við mjólk frá framleiðanda ef faldmeðaltal reglubundinna mælinga undangenginna 2 mánaða fer upp fyrir 600 þúsund einingar/ml.

⁵ Ef lyfjaleifar mælast í mjólk frá framleiðanda þá er innleggið ekki skráð í mjólkurstöð auk þess sem innlegg mánaðarins er verðfellt um 15% af afurðastöðvaverði.

⁶ Þar sem þessar mælingar eru gerðar.